

Dómsmálaráðuneytið
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík

27. febrúar 2026

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögreglulögum (verndarsamkomulag ESB)

Mál nr. S-49/2026 í samráðsgátt stjórnvalda

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi
og Íslandsdeildar Amnesty International

Barnaheill – Save the Children á Íslandi og Íslandsdeild Amnesty International eru hluti af alþjóðahreyfingum sem beita sér fyrir vernd mannréttinda á heimsvísu. Ein stærsta áskorun í starfinu á alþjóðavísu er hversu mikið hefur þrengt að réttindum fólks á flótta á undanförunum árum, á sama tíma og fjöldi flóttafólks hefur aldrei verið meiri. Samtökin hafa tekið til skoðunar frumvarpsdrögin og vilja á þessu stigi gera athugasemdir við tvö ákvæði þar sem lagt er til færa réttindi fólks á flótta til verri vegar.

Kæra fresti áfram réttaráhrifum

Með 3. gr. er lagt til að kæra fresti ekki framkvæmd þvingaðrar brottvísunar þegar ákvörðun snýr að umsækjanda um alþjóðlega vernd skv. 36. gr. útlendingalaga, þ.e. umsækjendur um alþjóðlega vernd sem Útlendingastofnun tekur ekki efnislega afstöðu til þar sem hún telur annað ríki bera ábyrgð á meðferð umsóknarinnar. Í greinargerð kemur fram að litið hafi verið til framkvæmdar kærunefndar útlendinga og segir ráðuneytið: „Í langflestum tilvikum eru ákvarðanir Útlendingastofnunar í slíkum málum staðfestar í kærumeðferð. Með hliðsjón af því er ekki talið að breytingin muni hafa íþyngjandi áhrif í framkvæmd“. Ekki koma fram nánari upplýsingar og því ómögulegt er að meta hvað felst í „langflestum tilvikum“.

Kærunefnd útlendingamála birtir aðeins hluta úrskurða sína opinberlega, en við leit á vef stjórnarráðsins má sjá að árið 2025 úrskurðaði nefndin í 19 málum þar sem Útlendingastofnun tók ákvörðun skv. 36. gr. og þar af var ákvörðun stofnunarinnar felld úr gildi í þremur málum. Á þeim grunni kann að vera hægt að segja að „langflest“ mál hafi leitt til staðfestingar á úrskurði Útlendingastofnunar, en varla er hægt að horfa alfarið fram hjá því að 16% mála var vísað til efnislegrar umfjöllunar. Þá er fróðlegt að skoða þau mál sem um ræðir. Úrskurður nr. 662/2025 fjallar um einstakling frá Venesúela sem átti að brottvísa til Síle án þess að hann hefði nokkur

tengsl við það land. Úrskurðir nr. 357/2025 og 87/2025 fjalla báðir um fólk frá Úkraínu sem til stóð að brottvísa þrátt fyrir að börn þeirra og aðrir aðstandendur væru með dvalarleyfi á Íslandi skv. 44. gr. um fjöldaflóttu. Þessi mál bera þess merki að efnismeðferð hefði átt að vera nokkuð skýr kostur og raunar illskiljanlegt að til hafi staðið að brottvísa úkraínsku flóttafólki á sama tíma og stjórnvöld voru búin að hefja móttöku fólks frá Úkraínu á grundvelli fjöldaflóttu.

Rík sanngirnissjónarmið eru fyrir því að flóttafólk fái áheyrn stjórnvalda og getur hætta falist í að víkja þeim rétti til hliðar í þágu skilvirkni. Í ljósi þess að AMMR-reglugerðin, sem breytingin tengist, felur í sér þrengri tímafresti en fyrri reglugerðir má ætla að hraði málsmeðferðar muni almennt aukast án þeirrar breytingar sem lögð er til í 3. grein.

Leggja samtökin til að 3. grein frumvarpsins falli brott.

Óljós refsheimild verði afmörkuð og endurskoðuð

Með 5. gr. er lagt til að setja skýra lagaheimild um skyldu umsækjenda um alþjóðlega vernd til að vinna með stjórnvöldum. Jafnframt er mælt fyrir að skortur á samvinnu geti haft áhrif á framkvæmd málsmeðferðar. Ekki liggur fyrir í hverju slík áhrif geti falist, annað en að þau geti snúið að frestum og hraða málsmeðferðar, en ráðherra er falið að útfæra það nánar í reglugerð. Þó að beiting slíkra úrræða skuli ávallt byggja á einstaklingsbundnu mati, þá hlýtur að þurfa að afmarka með mun skýrari hætti refsikennda heimild sem beinist gegn fólki í sérstaklega viðkvæmri stöðu.

Þá er nauðsynlegt að minna á að stjórnvöldum ber að fjalla um umsóknir barna með sjálfstæðum hætti. Of mikið hefur borið á því að litið sé á börn umsækjenda um alþjóðlega vernd sem nokkurs konar viðhengi og mál barna látin fylgja þeirri niðurstöðu sem stjórnvöld komast að í máli forráðafólks.

Leggja samtökin til að úrræði 5. greinar frumvarpsins verði endurskoðuð í samræmi við meðalhóf og þess gætt að þeim sé ekki beitt þannig að þau geti haft áhrif á málsmeðferð barna.

Samtökin vilja nota tækifærið og gagnrýna annars vegar að aðeins hafi verið gefinn einnar viku frestur fyrir umsagnarferlið og hins vegar að aðeins hafi sex aðilum, öllum á vegum ríkisins, verið sent boð um að taka þátt í samráðinu. Þessi framkvæmd gengur í berhöggi við markmið samráðsgáttarinnar sem er að auka gagnsæi og möguleika almennings og hagsmunaaðila á þátttöku í stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku opinberra aðila.

Virðingarfyllt,

Tóttla I. Sæmundsdóttir

*Framkvæmdastjóri
Barnaheill – Save the Children á Íslandi*

Anna Lúðvíksdóttir

*Framkvæmdastjóri
Íslandsdeild Amnesty International*